

Lífskjarasamningurinn
2019-2022

Vinnutímastytting
iðnaðarmanna 2022

LÍFS
KJARA
SAMNING
URINN

2019-2022



Mismunandi nálgun á styttingu vinnutíma

Verkafólk

- **Heimilt að semja** um styttingu vinnutíma á hverjum vinnustað samhliða niðurfellingu kaffitíma á grundvelli ákvæða 5. kafla kjarasamninga um fyrirtækjapátt.

Iðnaðarmenn

- **Heimilt að semja um** styttingu vinnutíma á hverjum vinnustað samhliða niðurfellingu kaffitíma á grundvelli ákvæða 5. kafla kjarasamninga um fyrirtækjapátt.
- **Einhliða réttur** starfsmanna að stytta vinnutíma 1. janúar 2022 þar sem ekki hefur verið gerðir 5. kafla samningar, án breytinga á neysluhléum.

Afgreiðslu- og skrifstofufólk

- **Sjálfkrafa** stytting vinnutíma um 45 mínútur átti sér stað 1. janúar 2020.

Verkafólk og iðnaðarmenn

- Starfsmenn greiða atkvæði um hvort fara eigi í viðræður við atvinnurekanda.
- Viðræður, samningsgerð og atkvæðagreiðsla skv. 5. kafla kjarasamnings um fyrirtækjapátt.
- Markmið viðræðna að bæta nýtingu vinnutíma **og ná fram gagnkvæmum ávinningi.**
- Ef formlegir kaffitímar eru felldir niður með samningi, án skerðingar mánaðarlauna, verður virkur vinnutími **36 klst.** á viku að jafnaði. Stytting í 36 klst. er endurgjald fyrir ávinning atvinnurekanda. Viðvera styttist að auki sem nemur brottfalli kaffitíma.
- Margir valkostir í boði um útfærslur sem henta hverjum og einum vinnustað.
- Heimilt er að hefja viðræður strax í dag!

Verkafólk og iðnaðarmenn

Dæmi um mögulegar útfærslur:

- Tekin eru sveigjanleg hvíldarhlé frá vinnu, eitt eða fleiri
- Hádegishlé lengt
- Hver vinnudagur stytur, umsaminn fjöldi vinnudaga stytur eða einn dagur vikunnar stytur
- Styttingu safnað upp í frí heila eða hálfa daga
- Blönduð leið

Iðnaðarmenn 1. jan. 2022

- Starfsmenn geta einhliða með atkvæðagreiðslu frá og með 1. janúar 2022 kosið um upptöku staðlaðs fyrirtækjapáttar kjarasamnings, hafi ekki verið gert samkomulag um vinnutímastyttingu samhliða niðurfellingu kaffitíma.
- Atvinnurekandi getur stýtt vinnutíma einhliða.
- **Virkur vinnutími á viku verður 36 klst. og 15 mínútur að jafnaði.** Daglegur virkur vinnutími verður 7 klst. og 15 mínútur náist ekki samkomulag um fyrirkomulag vinnutímastyttingar.
- Hefur ekki áhrif þar sem vinnutími er þegar styttri. Því þarf að skoða hver virkur vinnutími er í raun og veru, t.d. hvort matar- og kaffitímar séu það langir að starfsmenn séu þegar að vinna 36,25 virkar vinnustundir á viku eða skemur.
- Sé gert samkomulag um annað fyrirkomulag vinnutíma fellur það fyrra úr gildi.
- Matar- og kaffitímar breytast ekki samhliða vinnutímastyttingu nema samkomulag sé um annað. **Starfsmenn geta ekki einhliða fellt niður kaffihlé.**

Iðnaðarmenn

Dæmi um mögulegar útfærslur:

- Hver dagur stýttist um 9 mínútur
- Hver vika stýttist um 45 mínútur
- Safnað upp innan ársins
- Vinnutímastytting með öðrum hætti

Iðnaðarmenn – hver er vinnutími skv. kjarasamningi fyrir breytingu?

- A. Unnið fimm daga vikunnar frá 08:00 til 17:00, klukkutími tekinn í hádegishlé og 36 mín. á dag í neysluhlé.
- B. Unnið fimm daga vikunnar frá 08:00 til 16:09, hálf tími tekinn í hádegishlé og 15 mín. á dag í neysluhlé.
- C. Unnið fjóra daga vikunnar frá 07:30 til 17:00, 1 klst. tekinn í hádegishlé og 1 klst. í neysluhlé á dag og einn dag vikunnar frá 7:30 til 17:00 þar sem 1 klst. er tekið í hádegishlé og 30 mín. í neysluhlé.
- D. Unnið fjóra daga vikunnar frá 08:00 til 17:00 þar sem hálf tími er tekinn í hádegishlé og 15 mín. á dag í neysluhlé og unnið einn dag 08:00 til 12:00 þar sem engin neysluhlé eru tekin.
- E. Unnið fimm daga vikunnar frá 08:00 til 16:15, hálf tími tekinn í hádegishlé, 15 mín. á dag í neysluhlé og 30 mínútur á viku að jafnaði í launað skrepp (sjúkraþjálfun, lækni, klipping, skólaviðtal o.þ.h.)

Iðnaðarmenn – hver er vinnutími skv. kjarasamningi eftir breytingu?

- A. Unnið fimm daga vikunnar frá 08:00 til 16:50, klukkutími tekinn í hádegishlé og 35 mín. á dag í neysluhlé.
- B. Unnið fimm daga vikunnar frá 08:00 til 16:00, hálf tími tekinn í hádegishlé og 15 mín. á dag í neysluhlé.
- C. Unnið fjóra daga vikunnar frá 07:30 til 17:00, 1 klst. tekinn í hádegishlé og 1 klst. í neysluhlé á dag og einn dag vikunnar frá 7:30 til 16:15 þar sem 1 klst. er tekið í hádegishlé og 30 mín. í neysluhlé.
- D. Unnið fjóra daga vikunnar frá 08:00 til 17:00 þar sem hálf tími er tekinn í hádegishlé og 15 mín. á dag í neysluhlé og unnið einn dag 08:00 til 11:15 þar sem engin neysluhlé eru tekin.
- E. Unnið fimm daga vikunnar frá 08:00 til 16:06, hálf tími tekinn í hádegishlé, 15 mín. á dag í neysluhlé og 30 mínútur á viku að jafnaði í launað skrepp (sjúkraþjálfun, lækni, klipping, skólaviðtal o.þ.h.)

Vinnutímastytting – hvað þarf að skoða?

Samið hefur verið um styttingu vinnuvikunnar eins og hún er skilgreind í kjarasamningum.

Vinnutímastytting hefur því ekki sjálfkrafa áhrif á vinnutíma starfsmanna sem þegar eru með styttri virkan vinnutíma en samið hefur verið um.

Því þurfa stjórnendur að:

- Fara yfir hver raunverulegur virkur vinnutími sé á vinnustaðnum. Er virkur vinnutími þegar styttri en skv. kjarasamningi?
- Er þegar boðið upp á „persónulegan tíma“ eða er hægt að koma honum við?
- Skoða hvort rétt sé að gera breytingar á skipulagi vinnudagsins og hléum til að bæta framleiðni – taka það upp í samtali um vinnutímastyttingu.

Líklegt að „blönduð leið“ verði ofan á í mörgum fyrirtækjum.

Iðnaðarmenn – Breyting á deilitölum og vinnuskilum

	Fyrir vinnutímastyttingu	Eftir vinnutímastyttingu
Deilitala dagvinnutímakaups	160 klst.	157,08 klst.
Full vinna á mánuði	160 klst. í virkan vinnutíma	157 klst. og 5 mínútur í virkan vinnutíma
Yfirvinna 2	Eftir 41 klst. á viku að meðaltali á mánuði	Eftir 40,25 klst. á viku að meðaltali á mánuði
Tímakaup í dagvinnu og ákvæðisvinnuálag		Hækkar um 1,86% (160/157,08) vegna vinnutímastyttingar

Sniðmát og leiðbeiningar á vinnumarkaðsvef SA

Vinnutímastytting 1.1.2022

Samkomulag / Tilkynning Stytting vinnutíma 1. janúar 2022

Þann 1. janúar 2022 geta iðnaðarmenn kosið um vinnutímastyttingu í 36 klst. og 15 mín. virkan vinnutíma á viku m.v. fullt starf. Það jafngildir 9 mínútur á dag eða 45 mínútur á viku hjá þeim starfsmönnum sem eru með dagvinnuskyldu upp á 37 virkar vinnustundir á viku.¹

Ef vinnutími starfsmanns, m.v. umsamið starfshlutfall, er þegar styttri en kveðið er á um í kjarasamningi m.v. 1.1.2022 styttist hann ekki frekar.

Að höfðu samráði við fulltrúa starfsmanna kemur stytting vinnutíma þannig til framkvæmda:

(velja leið, eftir atvikum mismunandi milli deilda / sviða. Gæta þarf sérstaklega að frávikum, t.d. ef um er að ræða starfsmenn í hlutastarfi á tímakaupi)

Leið 1 (9 mín. á dag)

Hver vinnudagur styttist um 9 mínútur m.v. fullt starf og verður virkur vinnutími á dag því 7 klst. og 15 mínútur. *Lýsa nánar hér hver viðvera sé og hvenær neysluhlé séu tekin.*

Leið 2 (45 mín. á viku í lok dags)

Vinnuvikan styttist um 45 mínútur m.v. fullt starf. Unnið verður til kl. X á Ydögum í stað kl. X (allir starfsmenn á föstudögum / mismunandi dagar hjá starfsmönnum eða einhver önnur útgáfa).

Starfsmaður getur einnig með samþykki yfirmanns fengið að sinna persónulegum erindum í vinnutíma sem svarar til vinnutímastyttingar.

Leið 3 (45 mín. persónulegur tími á viku)

Starfsmanni er heimilt í samráði við yfirmann að ráðstafa 45 mín. á viku m.v. fullt starf til að sinna persónulegum erindum. Hafi persónulegur tími ekki verið tekinn innan vikunnar lýkur vinnu á föstudögum 45 mínútum fyrr en ella.

Heimilt er með samþykki yfirmanns að færa persónulegan tíma yfir til næstu viku. Ekki er þó heimilt að færa meira en 45 mín. milli vikna og fellur ónýttur tími umfram það niður.

Ef starfsmenn sjá um tímaskráningar: Starfsmaður skráir tekna vinnutímastyttingu í tímaskráningarkerfið sem „xxx“.

Leið 4 (mánaðarleg stytting – einn dagur stytur)

KJARASAMNINGAR

KJARASAMNINGAR 2019 - 22

KYNNINGAREFNI SA

VINNUÍMASTYTTING VR-LÍV

VINNUÍMASTYTTING IÐNAÐARMANNA

VINNUÍMASTYTTING IÐNAÐARMANNA

Iðnaðarmenn eiga rétt á að kjósa um vinnutímastyttingu sem tekur gildi frá og með 1. janúar 2022.

Með iðnaðarmönnum er hér átt við einstaklinga sem starfa skv. kjarasamningum SA við [Samiðn](#), [RSÍ](#), [VM](#), [MATVÍS](#), [Félag hársnyrtisveina](#) og [Grafú](#).

Hinn 1. apríl 2020 var tekinn upp virkur vinnutími hjá iðnaðarmönnum, þ.e. hætt að greiða fyrir kaffitíma en á móti hækkaði tímakaup í dagvinnu um 8,33% til að mæta fækkun greiddra tíma. Uptaka virks vinnutíma hafði engin áhrif á vinnudag starfsmanna, matar- og kaffitímar og mánaðarlaun breyttust því ekki (eða lítið). Sjá nánar um virkan vinnutíma [hér](#).

Í kjarasamningum iðnaðarmanna er að finna heimild til að fella niður formlega kaffitíma með samningi, án skerðingar mánaðarlauna og stytta virkan vinnutíma í 36 klst. á viku að jafnaði í stað 37 klst. Viðvera styttist þá að auki sem nemur brottfalli kaffitíma. Sömu heimild er að finna í kjarasamningum verkamanna.

Í þeim tilvikum sem ekki hefur verið gert samkomulag um niðurfellingu formlegra kaffitíma og vinnutímastyttingu því samfara geta starfsmenn einhliða kosið um vinnutímastyttingu í 36 klst. og 15 mín. virkan vinnutíma á viku m.v. fullt starf sem tekur gildi frá og með 1. janúar 2022.

Til að tryggja rétta og góða framkvæmd vinnutímastyttingar er mikilvægt að atvinnurekendur kynni sér ákvæði hlutaðeigandi kjarasamningsins og dæmi um samkomulag á vinnustað. Hér að neðan er einnig "spurt og svarað" auk þess sem lögfræðingar vinnumarkaðsvefs SA veita aðildarfyrirtækjum aðstoð.

Samningsform: [word skjal](#)

+ HVERJIR FÁ VINNUÍMASTYTTINGU?

+ HVENÆR TEKUR VINNUÍMASTYTTINGIN GILDI?

Vaktavinna – virkur vinnutími og vinnutímastytting

Stéttarfélag iðnaðarmanna haft samband við einhver fyrirtæki nú í haust og borið því við að neysluhlé í vaktavinnu teljist til virks vinnutíma og því hafi vinnutími þar styst um allt að 3 klst. á viku. Það er alrangt!

Greiddir tímar í vaktavinnu urðu 37 í stað 40 klst. áður hinn 1. janúar 2020.

Fyrir 8 klst. vakt voru greiddar 7,4 klst. í stað 8 klst. Frá 1. janúar 2022 **7,25 klst.**

Fyrir 12 klst. vakt voru frá 1. janúar 2020 greiddar 11,14 klst. í stað 12 klst. Gæta þarf að því að hjá starfsmanni á „kókkavöktum“ þá er hluti þessara 11,14 klst. yfirvinna. Dagvinnuhlutinn er 10,57 klst. (37 klst. / 3,5 vaktir að meðaltali á viku) en 10,36 klst. frá 1. janúar 2022 en yfirvinnutímum fjölgar þá á mánuði að jafnaði úr 8,66 í 11,9 klst.

Algengar spurningar

- Hvað ef vinnutíminn er þegar styttri en skv. kjarasamningi?
- Hvað ef starfsmaður er í stéttarfélagi iðnaðarmanna en ekki í iðnaðarmannastarfi?
- Hvað ef starfsmaður er ekki í stéttarfélagi?
- Hvað með sérfræðinga og stjórnendur?
- Hverjir taka þátt í viðræðum f.h. starfsmanna?
- Hvað ef starfsmenn kjósa ekki um vinnutímastyttingu?
- Getur vinnuveitandi ákveðið styttingu einhliða?
- Hvað með starfsmenn í hlutastarfi?
- Hvaða áhrif hefur vinnutímastytting á yfirvinnu?
- Verður einhver breyting á kaffitímum?
- Hvað ef starfsmaður er veikur á styttri vinnudegi?





LÍFS KJARA SAMNING URINN

2019-2022